# Sameining eigna

Í flestum tilfellum eru varanlegir rekstrarfjármunir bókaðir sem ein eign samkvæmt einum reikningi, en í nokkrum tilfellum þarf að sameina eignfærslur í FA eignakerfinu vegna:

- Reikningar sem mynda eina eign eru aðgreindir í nokkrum reikningum.
- Reikningi ranglega skipt upp í nokkrar eignfærslur.
- Reikningar sem mynda eign falla til á nokkrum tímabilum innan ársins (ef reikningar eru margir þarf að huga að því hvort heppilegra sé að meðhöndla sem verk í vinnslu, sbr. leiðbeiningar).
- Kostnaður sem fellur til að koma eign í notkun er innheimtur á öðrum reikningi.
- Skil á vöru sem myndar kreditfærslu sem þarf að sameina upphaflegri færslu í eignakerfinu.

**Sameining eigna – upplýsingar í fjárhagsskýrslu í Aski:**

Þegar bókanir eru gerðar á 18xxx tegundalykla vegna reikninga sem tengjast einni eign þá er mikilvægt að reikningar séu skráðir á sama tegundalykil og sama viðfang, ef við erum með bókanir innan árs þá þarf að bakfæra reikninga með rangri skráningu og skrá aftur. Ef um er að ræða eldri eignir þá þarf að breyta um tegundalykil / viðfang í FA eignakerfinu (samanber leiðbeiningar) og eignakerfið skilar breytingum til GL, keyra þarf uppfærslu / bókanir á leiðréttingum áður en eignanúmer eru sameinuð. Ef framkvæmd er rétt þá stemma stöður í GL og FA eignakerfinu sem er undirkerfi.

Reikningarnir sem eru sameinaðir í þessum leiðbeiningum eru með sama tegundalykil og viðfang, samanber fjárhagsskýrslu í Aski. Ítreka ábendingu hér fyrir ofan um mikilvægi þess að reikningar séu skráðir á sama tegundalykil og viðfang.

| Reikn. nr. | Bókfært verð | Eignanúmer | Fjárhagsnúmer | Flokkur | Fyrningarbók | Afskriftar prósenta | Lýsing | Einingar | Staðsetning | Kostnaðarverð | Uppsafnaðar afskriftir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0001462 | 593.177 | 546740 | 02202101062-02202-58233-0-0-0-0-0-0 | 18233 | 2130 | 20 | Tissuelyser II | 1 | 022020 | 912.566 | 319.389 |
| 0001462 | 55.129 | 546739 | 02202101062-02202-58233-0-0-0-0-0-0 | 18233 | 2130 | 20 | TissueLyser Adapter set 2x96 | 1 | 022020 | 84.823 | 29.694 |

**Ferli sameiningar:**

Eignanúmer 546740 er sameinað við 546739.

FA Eignakerfi > Eignir > Vinnusvæði eigna > Finna eignir > Skrá inn eignanúmer 546740 > Upprunalínur.




Velja báðar línurnar með því að smella í kassann fyrir framan hvora línu.




Smella á hnappinn **Flytja í**.




Setja í fyrirspurnarham **F11**.
Setja inn leitarskilyrði eignarnúmer 546739 sem á að flytja í / sameina.




**Ctrl-F11** til að leita.



Ný staða (sbr. Nýr kostnaður) er núna 997.389 kr. Smella á **Lokið**.

Eftir sameiningu líta upprunalínur á bakvið eign 546739 svona út.




Í næstu reglubundinni fyrningarkeyrslu uppfærast stöður 546739 og 546740 í FA eignakerfinu og bókanir í GL, þ.e. fyrningar af eignanúmeri 546740 bakfærast og útreikningur á fyrningum á eignanúmeri 546739 uppfærast.

Síðar (eftir reglubundna fyrningarkeyrslu) er óhætt að úrelda eignanúmer 546740 sem er kominn með 0 kr. stöðu.